

**A 1661/præsídet**

Lagt fram af:
Christian Juhl (EL)

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 15-00221-2

Þingmannatillaga um stofnun styrkjasjóðs Norðurlandaráðs fyrir rannsóknarblaðamennsku

Oft var þörf en nú er nauðsyn að styðja norrænt samstarf og þá sér í lagi samstarf óháðra fjölmiðla- og rannsóknamiðstöðva sem stunda rannsóknarblaðamennsku og fjalla um félagslega og samfélagslega ábyrgð ríkja, fjárfesta og fyrirtækja gagnvart þróunarlöndum og hagvaxtar-svæðum.

Með þetta markmið að leiðarljósi er lagt til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær stofni sjóð sem nemi 50 milljónum danskra króna.

Úr sjóðnum getur hvert verkefni sótt um allt að 10 milljónum danskra króna.

Verkefnin eiga að upplýsa norrænan almenning, fyrirtæki og skólanema og ennfremur, svo framarlega sem unnt er, að auka afkastagetu félaga-samtaka og blaðamanna í Afríku, Suður-Ameríku eða annars staðar á þróunarsvæðum. Verkefnin eiga að beina kastljósinu að mannréttindum, umhverfismálum, deilum og spillingu út frá hnattrænu sjónarhorni og tryggja þannig að þessi málefni njóti alltaf forgangs hjá fjölmiðlum sem heild, á Norðurlöndum og alþjóðlega. Verkefnin eiga að rannsaka þegar brotið er á umhverfinu og fólki.

Óháðar fjölmiðla- og rannsóknamiðstöðvar, stofnanir og félagasamtök á Norðurlöndum geta sótt um styrkina. Að hverju verkefni verða að koma samstarfsaðilar frá eigi færri en tveimur norrænum löndum. Starfsemin hefjist 2016 en starfstímabil verkefna verði allt að þrjú ár.

Verkefnin fylgi reglum sem gilda í löndunum og alþjóðlega:

- Hinar tíu grunnreglur hnattræns samkomulags SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (Global Compact)
- Leiðbeinandi meginreglur SP um viðskipti og mannréttindi (e. UN Guiding Principles on Business and Human Rights).
- Viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (e. OECD Guidelines for Multinational Enterprises)

- Mannréttindayfirlýsing SP
- Réttindi launafólks skv. Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar (ILO)

ásamt grundvallarreglum um siðferði og starfshætti blaðamanna, þar á meðal fjölmiðlalögum norrænu landanna og yfirlýsingu Alþjóðlega blaðamannasambandsins, *Declaration of Principles on the Conduct of Journalists*.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Christian Juhl, fulltrúi í flokkahópi vinstri sósíalista og grænna í Norðurlandaráði, til að:

að norrænu ríkisstjórnirnar stofni sjóð undir umsjón Norðurlandaráðs sem nemi 50 milljónum danskra króna og úthluti styrkjum til verkefna þar sem aðferðum rannsóknarblaðamennsku er beitt til að fjalla um félagslega og samfélagsábyrgð ríkja, fjárfesta og fyrirtækja gagnvart þróunarlöndum og hagvaxtarsvæðum.

Kaupmannahöfn, 4. september 2015

Christian Juhl (EL)

Norðurlandaráð

A 1661/præsídet

Lagt fram af:
Christian Juhl (EL)

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 15-00221-2